Stigun á alvarleika höfuðáverka

Head Injury Severity Scale* (HISS) sem byggir á Glasgow Coma Scale (GCS)

Alvarleikastig			Skilmerki
Smávægilegur *(minimal)*	**GCS 15/15**		**Ekkert meðvitundartap / rot Engin minnisskerðing**
Vægur *(mild)*	**GCS 14/15**	**eða**	**GCS 15/15 og annaðhvort skammvinnt (< 5 mín) meðvitundartap eða minnistap eða skert meðvitund**
Meðalslæmur *(moderate)*	**GCS 9 - 13/15**	**eða**	**Meðvitundarleysi ≥ 5 mínútur**
Alvarlegur *(severe)*	**GCS 5 - 8/15**	**eða**	**Staðbundin brottfallseinkenni frá taugakerfi**
Lífshættulegur *(critical)*	**GCS 3 - 4/15**		*** Uppfylla þarf öll skilmerki í bláskyggðum glugga til að ná viðkomandi stigun.**

Glasgow Coma Scale

A. Opnar augu	**Sjálfkrafa**	**4**
	Við ávarp	**3**
	Við sársauka	**2**
	Engin svörun	**1**
B. Svörun	**Áttaður**	**5**
	Ruglaður	**4**
	Stöku orð	**3**
	Óskiljanleg orð	**2**
	Engin svörun	**1**
C. Hreyfingar	**Fylgir fyrirmælum**	**6**
	Staðsetur sársauka	**5**
	Dregur sig frá sársauka	**4**
	Óeðlileg beygja	**3**
	Óeðlileg rétta	**2**
	Engin svörun	**1**

Sérstakir áhættuþættir

- **Blóðþynningarsjúkdómar eða storknunarsjúkdómar**
- **Höfuðkúpubrot á röntgenmynd**
- **Klínísk merki um innkýlt höfðukúpubrot eða brot á höfuðkúpubotni**
- **Krampar eftir áverkann**
- **Vatnshöfuð** *(hydrocephalus)* **meðhöndlað með ventli**
- **Fjöláverki**

**Þegar sérstakir áhættuþættir eru fyrir hendi er mælt með innlögn og töku sneiðmyndar, jafnvel þótt höfuðáverkinn sé aðeins smávægilegur eða vægur.
Þessir áhættuþættir auka verulega hættu á fylgikvillum.**

Klínískar leiðbeiningar um höfuðáverka

Klínískar leiðbeiningar um mat og meðferð á smávægilegum, vægum og meðalslæmum höfuðáverkum

